

## Til formanna skógræktarféлага og fulltrúa á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 2024

Tillaga að breytingu skipulagsskrár Landgræðslusjóðs frá stjórn Landgræðslusjóðs.

Fyrir liggur að breyta þarf 7. gr. Skipulagsskrárinnar þar sem breyting hefur orðið á aðildarstofnunum en Landgræðslan og Skógræktin heyra nú sögunni til og Land og skógur hefur tekið við. 7. gr. hljóðar nú svo:

Stjórn Landgræðslusjóðs skal skipuð 5 einstaklingum. Stjórn Skógræktarfélags Íslands kýs úr sínum hópi tvo fulltrúa til eins árs í senn og tvo til vara. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands kýs einn fulltrúa til eins árs í senn og einn til vara. Má sá hvorki vera í aðal- né varastjórn Skógræktarfélags Íslands. **Auk þess eiga skógræktarstjóri og landgræðslustjóri sæti í stjórninni og tilnefna þeir varamenn í forföllum sínum.** Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður skal vera einn af fulltrúum Skógræktarfélags Íslands. Framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands hefur rétt til setu á stjórnarfundum Landgræðslusjóðs með málfrelsi og tillögurétti.

Stjórnin leggur til að 7. gr orðist svo:

Stjórn Landgræðslusjóðs skal skipuð 5 einstaklingum. Stjórn Skógræktarfélags Íslands kýs úr sínum hópi tvo fulltrúa til eins árs í senn og tvo til vara. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands kýs einn fulltrúa til eins árs í senn og einn til vara. Má sá hvorki vera í aðal- né varastjórn Skógræktarfélags Íslands. **Auk þess á Land og skógur tvo fulltrúa í stjórninni og skal annar þeirra vera forstöðumaður stofnunarinnar. Forstöðumaður skipar jafnframt annan fulltrúa frá Landi og skógi og tilnefnir varamenn í forföllum.** Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður skal vera einn af fulltrúum Skógræktarfélags Íslands. Framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands hefur rétt til setu á stjórnarfundum Landgræðslusjóðs með málfrelsi og tillögurétti.